

## Barnameningarhátíð í Reykjavík 17. – 22. apríl 2012

*Barnameningarhátíð verður haldin í annað sinn á vordögum. Hátíðin er kærkominn vettvangur fyrir menningu barna, menningu með börnum og menningu fyrir börn. Hún er byggð upp á mörgum smáum viðburðum og rúmar allar listgreinar og allt sem að börnum snýr. Hátíðin hefur það ekki síður að markmiði að efla umræðu um barnameningu í samfélaginu, fjölmiðlum og á torgum.*

Þessu bréfi er ætlað að hvetja þig til þátttöku. Að því tilefni bjóðum við þér að slá með okkur upptaktinn að Barnameningarhátíð 2012 á sameiginlegum undirbúningsfundi fimmtudaginn 24. nóvember 2011 klukkan 15:00 (staðsetning verður tilkynnt síðar). Þar verður hátíðin kynnt, fyrstu hugmyndir settar fram og tengsl mynduð milli aðila.

Á fundinum verður Menningarfáni Reykjavíkur einnig formlega kynntur til sögunnar sem og vefsíða hans opnuð en fáninn verður veittur í fyrsta sinn á Barnameningarhátíð 2012 sem viðurkenning á framúrskarandi menningarstarfi. Menningarfáninn er þróunarverkefni sem hvetur leik- og grunnskóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar til menningarstarfsemi. Við útfærslu fánans er unnið með hin ýmsu birtingarform lista og menningar með áherslu á strauma og stefnur í barna og unglingamenningu og samstarf við nærsamfélagið, listamenn, menningarstofnanir og félagasamtök.

Eins og áður mun Höfuðborgarstofa ásamt stjórn Barnameningarhátíðar vinna að samræmingu viðburða, kynningarstarfi og fleiru en viðburðirnir sem mynda dagskrá hátíðarinnar eru skapaðir og framkvæmdir af hugmyndaríkum einstaklingum, félagasamtökum, menningarstofnunum, leik-, grunn- og listaskólum út um alla borg.

Höfuðborgarstofa hvetur alla sem áhuga hafa á því að efla barnameningu, hverju nafni sem hún nefnist, að leggja lóð á vogarskálarnar með því að brydda upp á starfi tengdu barnameningu, kynna það sem þið hafið til barnameningar að leggja eða setja upp viðburð í vikunni sem Barnameningarhátíð stendur yfir.

Við hlökkum til að sjá ykkur á fundinum þann 24. nóvember og skorum á ykkur að leyfa hátíðinni að leika sér í undirvitundinni fram að því, hugmyndum að kvikna og tengslum að myndast.

*Með góðri kveðju,*

*Karen María Jónsdóttir og Guðmundur Birgir Halldórsson, verkefnastjórar.*

[karen.maria.jonsdottir@reykjavik.is](mailto:karen.maria.jonsdottir@reykjavik.is) [guðmundur.birgir.halldorsson@reykjavik.is](mailto:guðmundur.birgir.halldorsson@reykjavik.is)

P.s. Skráðu þig endilega í Facebook-hópin *Barnameningarhátíð í Reykjavík*. Þar er opinn upplýsinga- og umræðuvettvangur um hátíðina og skemmtilegum hugmyndum kastað á milli ....